

28. Umburðarbréf Jóns Pálssonar.

- a) Yfirlýsing Jóns Pálssonar um að hann sé höfundur umburðarbréfsins,
- b) Bréf frá Jóni Arnasyni, þar sem óskað er eftir því, að Jón Pálsson gefi framannefnda yfirlýsingu.
- c) Sjálft umburðarbréfið.
- d) Smáklausa eftir Árna Jóhannsson til blaðsins "Ingólfur".

1097

Bindandi mál

1

Ad gefum lilefui vil ég hér með láta
þess getid, að mubridarbréf þad, sem ég, sem
ritari stórlúksnumar sandi og sendi út til
fulltrúa hennar 15. sept. síðastl., var
eigi, fremur en venja er til nu flest önnur
slík bréf, lagt fyrir fram hofundar nefnd
stórlúksnumar til munsagnar eða samþykkingar
og því eigi bindandi fyrir hana. Þríf
þetta var samid og sent út á mína ábyrgð
eins, sem ritara stórlúksnumar og þer mér,
eins og öðrum starfsmönnum hennar, ávara
fyrir þad, sem aðrar gjörðir mínar, á næsta
þingi stórlúksnumar.

Reykjavík, 26. nóv. 1910.

11
Jón Talmann
ritari stórlúksnumar.

JÓN ÁRNASON

BOX: A 21.

REYKJAVÍK — ICELAND

Reykjavík, 27. nóv. 1960.

~~Þessi undirskrift~~
Fóttum fyrir þjálfarta gífurlyi-ningu, heini
í þeini spurningu til Stór-Ritar Jóns Pálssonar
hvert hann vilji ekkert annað líkur gífa mér
til birtingar eftirfarandi:

"Ég undirskriftatur lýði þar þeir met gífi,
eð í áufi ískipt og útgætt bíf þot, sem birt
var í blattinu "Fugölfur" 17. þ. m. áir þess eð
áafa lagt þot fyrir framkvæmdum netum
stórstikunum til umragnar og hefi í gert
þot um Stór-Ritari og mun þar afleitt undir
ívara fyrir þá gjört á mesta stórstíkuningu."

Sér öðra í at fa' fyrir mestkomandi mið-
vikudag.

Þóttur legast.

Jón Árnason

Maður. Alþ. Q. T.

Reiðindurinn 3
Uk af uppsöti þvi of
dreg, sem bladið Ingólfrur
hefir reynt að kveitja gegn
Goddemplaranglumi i tilfelli
af bréfi stórritara Jóns Páls.
Donar, dags. 10. eph. þ. á, sem
bladið hefir á einhveru hátt
komist yfir of halið sér
sama að birta, þó að það
vori gefið út sem handrit
of þvi öllum öðrum nema
landanda of viltakanda,
- þykir framtöndar -
nefndinni ákæða til að lýsa
þvi yfir, að stórritari
of eigi að bera undir
framtöndarnefndina
hvert það málfrí, sem
um ritar umboðsmann-
um um, of leidir þá
líka af sjálfu sér, að
það er ekki bindandi
þvi framtöndarnefnd-
ina i heild sinni. Fram-
töndarnefndin hefir sem
slík ekki látið skaffamál
landans til sín taka, þótt
en stjórnarmál, of þvi telur
þin álitamál hvoth ~~er~~
~~of stórritari~~ heppi-
legt var af stórritara að
gera tillofur þar að lít-
andi, en vitanlega eru þó
gerðar til að hnekkja þeirri
hreyfing, er andbanningar
höfuð vildi að ala á, til

ad vektja fjöðaróhug
gegn áfengisbannlögunum,
sem ei höfðkun á Kaffi-
og dykturholli; sem flestum
mun standa stuggur af.

Frankvondarnefna
ekodar þetta uppsot
andbanninga sem kveja
aðra andvana þetta
tilraun til að hnekkja
áfengisbanninu, og ekodar
á templara nor og þor
ad fordast ad láta þá
tilraun valda
nokkurri sundrun, en
halda fast saman og
yfir lýkur og fenginn
er fullur sigur hins
góða málefnis.

Ámi Jóhannsson
hefur ríðat

STÓRSTÚKA ÍSLANDS.

BOX 42 B.

Reykjavík, 15. sept. 1910.
Stórrílaradeildin.

Heiðraði stúku-umboðsmaður!

Um leið og ég sendi yður hér með umgangs-orð fyrir nóvember-ársfjórðung¹, þakka ég yður fyrir skil á sköttum og skýrslum að undanfögnu, svo og aukaskattinum, að svo miklu leyti sem þetta er afgreitt til mín; vitið þér aftur á móti einhvern misbrest á þessu frá yðar eða stúkunnar hálfu, bið ég yður að koma því í lag hið bráðasta.

Jafnframt þessu sendi ég yður á meðflylgjandi blöðum, nokkrar tillögur, er ég bið yður að geyma vel og nota á sínum tíma samkvæmt því sem hér fer á eftir:

Bréf þetta og tillögurnar sendi ég yður í ábyrgðarbréfi, sem trúnaðarmanni framkvæmdarnefndarinnar og allrar Reglunnar, vegna þess, að á næsta hausti eða í vetur má búast við, að haldnir verði þingmálafundir og að á þeim komi fram tillögur í þá átt, að fresta bannlögnum, að taka til greina tillögur skattamálanefndarinnar o. s. frv.

Til þess nú að vera vel við því búnir, er afar-áriðandi að vér, templarar, gætum skyldum vorrar, og sýnist mér að vér gætum gjört það og eigum að gjöra það með þessu móti:

1. Þér, sem stúku-umboðsmaður, mætið annaðhvort sjálfur, eða fáið áreiðanlegan og trúverðugan mann (templar) til að mæta á þingmálafundum þeim, er haldnir verða fyrir kjördæmi yðar eða stúku yðar, og berið þar fram tillögur þær, er ég sendi yður nú, og gjörið yðar ítrasta til að fá sem allra flesta til að vera þeim fylgjandi.
2. Þér takið yður einhverja trúnaðarmenn í stúkunni, einn eða tvo, t. d. æðsta templar og ritara, en allra helst þá, sem tekið hafa stórstúku- eða hástúkustig, skýrið fyrir þeim málið, fáið þá til þess, ásamt yður, að vinna að því með öllum ráðum, að allir atkvæðisbærir menn, — fyrst og fremst þeir sem eru í stúkunni — mæti á þingmálafundunum og fái auk þess alla þá utanreglumennt, sem þér og þeir álitid að muni geta orðið þessu máli til styrktar, til að mæta á fundunum og greiða þar atkvæði með tillögum vorum, en móti tillögum þeim, er fram kunna að koma í gagnslæða átt, oss og máli voru til skaða.
3. Þér, og væntanlegir trúnaðarmenn yðar, verðið þessvegna nokkurskonar leyndarráð Reglunnar, sem haldið með yður fundi um þetta, skiftið með yður verkum á þann hátt, að tala við menn í Reglunni og utan hennar og heyra hvernig í þeim liggur, og svo með tíð og tíma tryggja yður þá sem fylgismenn yðar, gegn frestun bannlaganna, gegn hækkun á tolli af kaffi og sykri og yfir höfuð gegn tillögum skattamálanefndarinnar.

Ég skal taka það fram, að ég álit nauðsynlegt, að tillögurnar og yfir höfuð vinna sú, er ég hefi gjört ráð fyrir í þessu efni, verði ekki beinlínis gjört að umræðuefni í stúkunum og að hyggilegra sé, að menn fái ekki að vita um það alment, og byggist þetta álit mitt á því, að bezt sé að vinna þannig, að móttöðumenn vorir fái enga nasasjón af því eða geti búið sig undir þetta á líkan hátt; þeir ímynda sér hvort sem er, að vér séum athugalausir og höfumst ekki að og það álit mega þeir gjarnan hafa á oss, ef vér vinnum því betur og dyggilegar, þó í kyrrþey sé. Þeir vinna nú og munu vinna að því, að fólki trú um, að nauðsynlegt sé að fresta bannlögnum til þess að umflýja þann voða, sem af því standi fyrir þjóðina að hækka toll á kaffi og sykri, en það verði óumflýjanlegt ef bannlögin komist á.

Tillögur þær, er fylgja hér með og telja verður afarmiklu máli skifta að verði sem allra víðast samþykta á þingmálafundum, megið þér ekki láta frá yður öðruvísi en afritaðar til þeirra manna er þér veljið að trúnaðarmönnum. Þær verða einnig að leggjast afritaðar, en ekki prentaðar, fram á þingmálafundunum.

Tvær hinar fyrri þarf ég ekki að útskýra; þær liggja svo beint við. En um væntanlegt gjald á aðfluttri vöru (faktúrugjald) í stað áfengistollsins skal ég taka það fram, að vart munu hugsanlegar

1) Af því umgangsorðin eru enn eigi komin frá alþj. rílara, verða þau send með næstu pósthferð.

nokkrar gjaldálögur, er í reyndinni verði jafn-réttlátar og léttbærar sem það, og þó um leið, stórmikill tekjuauki fyrir landssjóð. Hugmyndin er, að greitt verði ákveðið hundraðsgjald (próentur) af hverskonar vöru, sem flutt er hingað frá útlöndum, miðað við verð hennar. Kemur þá gjaldið auðvitað mest á efnamennina, þá er mikla vöru kaupa og dýra, en lítið á hina fátækari. Sá, sem efni hefir á að kaupa dýra vöru til fæðis og fata og annara þarfa, borgar þá til almennra þarfa margfalt meira en hinn, sem fæða verður og klæða sig og sína af skornum skamti vegna fátæktar. Auðvitað getur það orðið óvinsælt að láta slíkt gjald hvíla á nauðsynjavöru; en hjá því mun ekki verða komist, enda er gjaldið nauðsynjagjald, sem landsmenn verða að greiða og er þá ólíku betra að greiða það af þeirri vöru, sem maður hefur *nol af að kaupa*, heldur en þeirri, sem *ekki er einungis gjörsamlega ónýtt*, heldur og *til stór-skada að kaupa eða nota þó gefins væri*. Þess er að gæta, að þetta hundraðsgjald á allri vöru, gerir svo órlitla breyting á verði hvernar einstakrar tegundar, að þess gætir lítið sem ekkert — nema þá helzt á dýrindis varningi. Og hitt skiftir ákaflega miklu fyrir hinn fátækari hluta alþýðunnar, ef hægt verður jafnframt að lækka ofurlítið kaffi- og sykur-tollinn, sem ekki er vonlaust.

Yður að segja, þykist ég geta fullvissað yður um, að ef vér vinnum vel og dyggilega að því sem ég hefi bent á hér að framan, þá þurfum vér ekki að óttast hækkun á kaffi- og sykur-tolli — hann *lækkar* máské fremur en hækkar — né heldur vera uggandi um bannlögin, *því hér verður unnið* — og er þegar byrjað á því — *af kappi, en í kyrþey*, á þann hátt, að koma þessum tollspursmálum svo fyrir, að toll-álögurnar verði hinar vinsælustu, einföldustu og ótilfinnanlegustu fyrir allar stéttir manna, og einkum þó hinar fátækari.

En þetta mega engir vita að svo komnu og allra sízt mótstöðumenn vorir, sem þá mundu strax gjöra allt sem unt væri til, að eyðileggja það starf.

Geymið því þetta bréf vandlega, trúið engum fyrir einu orði úr því, nema þeim, sem þér trúið jafnvel og sjálfum yður, vinnið öruggir og ótrauðir að þessu máli og viðhaldið stúkunni yðar eftir mætti; sé hún annaðhvort lítilvirk eða nærri lögst niður, er afararíðandi að þér náði í þá, sem hafa verið meðlimir hennar og heitið á þá að fylgja yður, þó þeir víji eða geti ekki haldið stúkunni við lýði sem slíkri. Skrifðið mér svo við og við hvernig horfurnar eru, hvað yður verður ágengt o. s. frv.

Sem sagt, er þetta *einkamál* við yður, en aftur á móti megið þér geta þess við stúkufélaga yðar, að bannlögunum sé *engin hætta búin*, ef vel sé haldið í horfinu, bæði með því að sækja fundi og að vinna sem bezt fyrir stúkuna, að hagur Reglunnar hér á landi sé eða verði máské aldrei ánægjulegri en nú, meðal annars af því, að bræður vorir og systur út um heiminn, hafa heitið oss mjög miklum og mikilsverðum stuðningi í peningalegu tilliti, svo, að vér búumst við að skuld stórstúkunnar minki til muna mjög bráðlega eða hverfi með öllu. Ég hefi þegar fengið tilkynningu um styrk frá stúkum erlendis svo þúsundum króna skiftir, og það ætti að vera oss næg hvöt til þess að vér vildum sýna það í orði og verki, að vér ættum slíka hluttekningu skilið frá þeim mönnum, sem biða þess með brennandi áhuga, að sjá hvernig oss reiðir af í þessu velferðarmáli þjóðar vorrar og alls heimsins. Þeir vita, að ef oss tekst vel, þá er hægra aðstöðu fyrir þá, að koma bannlögunum á hjá sér og því spara þeir hvorki fé né tíma til þess að létta undir með oss, nú, þegar oss ríður mest á. Látum því á sjá, að vér eigum skilið að njóta svo mikillar hjálpar þeirra og hluttekningar, vinnum sem allra öruggast og ótrauðast og látum bannféndur aldrei ná herfanginu, hvernig sem þeir ærzlast og ólmast á móti oss.

Verum þess ætíð minnugir, að vér erum að vinna að einu allra mestla velferðarmáli mannkynsins. Meðvitundin um það ætti að vera oss hin öflugasta hvöt til að láta aldrei bugast, heldur vinna á alla lund að hinu góða máli, unz fullur sigur er fenginn og herfanginu borgið um ókomnar aldir.

Felandi yður þetta mál til alvarlegrar ihugunar og beztu fyrirgreiðslu, er ég yðar.

Bróðurlegast.

Jón Pálsson,
st. rit.